



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101Reykjavík

Dagsetning **10. júlí 2024**
Málsnúmer **HRN23120044**

Efni: Svar heilbrigðisráðuneytisins vegna máls nr. 015/2022.

Hinn 4. desember 2023 barst heilbrigðisráðuneytinu skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna máls nr. 015/2022, er varðar heimsókn embættisins á Litla-Hraun 28.-30. nóvember 2022 á grundvelli OPCAT-eftirlits. Í skýrslunni er ýmsum tilmælum og ábendingum beint til ráðuneytisins varðandi heilbrigðisþjónustu, geðheilbrigðisþjónustu og vímuefnameðferð fyrir fanga. Ráðuneytið hefur frá þeim tíma er skýrslan barst farið yfir þau atriði sem rakin eru í skýrslunni. Eftirfarandi atriðum var beint til heilbrigðisráðuneytisins:

a. Móta heildræna stefnu um aðstoð við fanga með vímuefnavanda þar sem stefnt verði að því að draga úr notkun vímuefna í fangelsinu, m.a. með auknu framboði af meðferðar- og stuðningsúrræðum.

Árið 2019 kom nefnd Evrópuráðs um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (CPT nefndin) og gerði úttekt á Íslandi. Ein alvarlegasta athugasemd nefndarinnar varðaði heilbrigðisþjónustu við fanga og áréttað var sérstaklega að verulega skorti upp á að fongum væri tryggð heilbrigðisþjónusta sem þeir þyrftu á að halda. Nefndin fór fram á að heilbrigðisþjónusta í fangelsum landsins yrði eflað með áherslu á geðheilbrigðisþjónustu og úrræði vegna vímuefnavanda í fangelsum. Í kjölfarið var skipaður starfshópur á vegum dómsmálaráðuneytisins sem tók til skoðunar heilbrigðisþjónustu

í fangelsum, einkum geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu og úrræði vegna vímuefnavanda. Starfshópurinn skilaði aðgerðaáætlun í desember sama ár sem miðaði því að efla heilbrigðisþjónustu, einkum geðheilbrigðisþjónustu, tryggja heildarsýn og markvissa og samhæfða framkvæmd þjónustunnar. Ein tillaga í aðgerðaáætluninni var að setja á laggirnar sérstakt geðheilsuteymi fangelsa sem falið var að veita markvissa, samfellda og einstaklingsmiðaða geðheilbrigðisþjónustu við fanga á afplánunartíma.

Geðheilsuteymi fangelsa var stofnað 2020 og er rekið af Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Það er þverfaglegt og veitir almenna geðheilbrigðisþjónustu í öllum fangelsum landsins, svo sem greiningu og meðferð við geðvanda og ADHD. Ef um samslátt geð- og vímuefnavanda er að ræða veitir geðheilsuteymið samþætta samtalsmeðferð. Geðheilsuteymið veitir t.d. viðtalsmeðferð, áhugahvetjandi samtöl, stuðningssamtöl, meðferð við fylgiröskunum og lyfjameðferð. Mönnun teymisins hefur verið áskorun frá stofnun þess en frá því að skýrsla embættis umboðsmanns Alþingis lá fyrir hefur staða á mönnun teymisins batnað. Miklar breytingar urðu á teyminu árið 2023 en þá samanstóð teymið af einungis 2-3 fagaðilum. Fjölgað hefur í teyminu á þessu ári en tekið hefur tíma að þjálfa upp nýtt starfsfólk. Í teyminu í dag er einn geðlæknir í 50% stöðugildi en gert er ráð fyrir að hærra stöðugildi hans frá og með hausti 2024 að auki eru í teyminu einn sálfræðingur, einn hjúkrunarfræðingur, einn iðjupjálfi og einn félagsráðgjafi. Til viðbótar við þau verkefni sem talin eru upp hér að framan hefur teymið hafið viðhaldsmeðferð við ópíóðafíkn. Árið 2023 voru 67 fangar í viðhaldsmeðferð, þar af 6 konur og 61 karl. Ekki er hægt að meta út frá þeim gögnum sem fyrir liggja hversu margir fangar voru að hefja viðhaldsmeðferð í fyrsta skipti. Margir höfðu átt tengsl við göngudeild Vogs áður en afplánun hófst. Allir sem hófu viðhaldsmeðferð í afplánun fengu tíma á

göngudeild Vogs til áframhaldandi viðhaldsmeðferðar eftir að afplánun lauk, til að tryggja samfellu í þjónustu að lokinni afplánun.

Frá því að skýrsla embættis umboðsmanns Alþingis lá fyrir hefur samstarf aukist milli geðheilsuteymisins, Fangelsismálastofnunar og Landspítala og verklag verið endurskoðað. Tilnefndir hafa verið tengiliðir innan Landspítala við teymið og hefur sú tilhögun að sögn haft mikil áhrif á getu þess til að sinna föngum með flóknar þjónustufarir vegna geðvanda. Jafnframt er unnið að gerð verkferla og gæðavísa fyrir teymið auk þess að móta greiningarferla, meðferðaráætlanir og gæðahandbók með handbók Landspítala sem fyrirmynd.

Þrátt fyrir framþróun í þjónustu m.t.t. framboðs geðheilbrigðisþjónustu eru áfram vísbendingar um að töluverð vímuefnanotkun sé innan fangelsa og þörf á að haghafar vinni saman að því að þróa gagnreynd meðferðarúrræði við vímuefnavanda sem standi föngum til boða á meðan á afplánun stendur. Heilbrigðisráðuneytið boðaði til vinnustofu hinn 10. júní 2024 þar sem markmiðið var að kortleggja hverjar þarfir fanga eru fyrir gagnreynd meðferðarúrræði vegna vímuefnavanda meðan þeir afplána fangelsisdóm og hvernig þeim þörfum verði best mætt. Á vinnustofunni voru fulltrúar frá Fangelsismálastofnun, dómsmálaráðuneyti, Landspítala, geðheilsuteymi fangelsa innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, SÁÁ og Afstöðu.

Á vinnustofunni kom fram að þau úrræði sem væru í boði fyrir fanga á Litla-Hrauni vegna vímuefnavanda séu annars vegar veitt af geðheilsuteymi fangelsa og hins vegar Fangelsismálastofnun. Á Litla-Hrauni hafi verið starfandi meðferðargangur frá árinu 2007. Ráðgjafar á vegum meðferðasviðs Fangelsismálastofnunar beri ábyrgð á vímuefnameðferðinni og veiti föngum hana í formi stuðningsviðtala. Aðstaða til að veita slíka meðferð sé slæm m.a. þar sem ekki sé hægt að takmarka samgang við aðra fanga. Mikil notkun vímuefna sé meðal fanga og erfitt reynist að veita föngum markvissa meðferð við slíkar aðstæður. Meðaldvalartími á meðferðargangi séu 3-5 mánuðir og gert sé skilyrði um edrúmennsku af hálfu fanga. Þegar meðferð sé lokið sé reynt að færa fanga í opin úrræði og þannig reynt að koma í veg fyrir að þeir fangar sem hafi lokið meðferð séu áfram vistaðir inni á Litla-Hrauni. Meðferðargangurinn á Litla Hrauni sé eina markvissa vímuefnameðferðin sem sé í boði í fangelsum landsins. Geðheilsuteymið veiti þó samþætta meðferð við geð- og vímuefnavanda í viðtölum sínum við fanga. Á Hólmsheiði og öðrum fangelsum geti fangar sótt AA fundi innan fangelsanna á vegum AA deilda í samfélaginu.

Þá kom fram að geðheilsuteymi fangelsa sinni viðhaldsmeðferð við ópíóíðafíkn fanga í öllum fangelsum landsins. Fráhvarfsmeðferð sé veitt á Hólmsheiði sem starfsfólk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins beri ábyrgð á. Starfsfólk heilsugæslunnar sé með vakt fimm daga vikunnar á Hólmsheiði á dagvinnutíma. Fráhvarfsmeðferð sé ekki í boði á Litla-Hrauni, nema í undartekningartilfellum. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að viðvera heilbrigðisstarfsfólks yrði aukin með þeim hætti að vaktir á virkum dögum yrðu lengdar og ekki síður að vakt væri alla daga vikunnar á Litla-Hrauni og Hólmsheiði. Með þeim hætti væri betur hægt að sinna t.d. fráhvarfsmeðferð fanga og mati á geðrænu ástandi. Heilbrigðisráðuneytið hefur falið Sjúkratryggingum Íslands að gera úttekt á samningi sínum við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um heilbrigðisþjónustu í fangelsinu að Hólmsheiði. Úttektin verður nýtt til að meta hvort mögulegt sé að auka viðveru heilbrigðisstarfsfólks í fangelsinu, en jafnframt er fyrirhugað að skoða hvort mögulegt sé að gera sambærilegan samning við Heilbrigðisstofnun Suðurlands um heilbrigðisþjónustu fanga á Litla-Hrauni.

Á fyrrnefndri vinnustofu komu fram hugmyndir um hvernig hægt væri að standa betur að meðferðargangi Litla-Hrauns en flestar af þeim eru háðar því að þjónustan verði færð í annað húsnæði þar sem núverandi húsnæði er takmarkandi fyrir þjónustuna. Á vinnustofunni var lögð

áhersla á að í fyrirhuguðu nýju fangelsi á Litla-Hrauni verði gætt að því að útfæra meðferðarkjarna í nútímalegu sniði þar sem hönnun húsnæðisins styðji við batamiðaða nálgun. Ljóst er þó að einhver tími mun líða þar nýtt húsnæði mun rísa á Litla-Hrauni. Fyrirhugaðar eru áframhaldandi vinnustofur í september í því skyni að vinna að bótum á m.a. meðferðarúrræðum fanga í núverandi aðstæðum. Búa þarf til aðstöðu og rými þar sem boðið verður upp á einstaklingsmiðaða og heildræna vímuefna meðferð fyrir fanga sem Fangelsismálastofnun ber ábyrgð á og unnið verður eftir stefnumótun á sviði áfengis- og vímuvarnar. Rík áhersla er lögð á skýra hlutverkaskipan og ábyrgðarsvið milli geðheilsuteymis fangelsa og Fangelsismálastofnunar.

b. Taka til skoðunar hvort aðgerðaráætlunum heilbrigðisþjónustu fanga hafi verið fylgt eftir með viðeigandi aðgerðum hvað fíknimeðferð varðar eða ekki, hvort ástæða sé til að bregðast við. Er þá m.a. haft í huga að hugað verði að því hvort geðheilsuteymi hafi verið tryggðar víðhlítandi forsendur til að gegna hlutverki sínu að þessu leyti.

Samkvæmt upplýsingum frá geðheilsuteymi fangelsa eru 155 í afplánun í júní 2024. Af 155 föngum eru 10 konur (6%) og 145 karlar (94%) og veitir geðheilsuteymið 57% þeirra geðheilbrigðisþjónustu eða 4 konum og 76 körlum. Heildarfjöldi fanga í mismunandi úrræðum og fjöldi fanga sem fá þjónustu geðheilsuteymis í hverju úrræði má sjá í eftirfarandi töflu:

Þjónusta geðheilsuteymis fangelsa - tölur frá 14. júní 2024				
Heiti	Heildarfjöldi	Hjá teymi	Hlutfall	Hlutfall í þjónustu teymis
Hólmsheiði	44	23	52%	26%
Litla Hraun	57	28	49%	32%
Sogn	16	9	56%	10%
Kvíabryggja	22	17	77%	19%
Vernd	16	11	69%	12%
Samtala	155	88	57%	100%
Íslenskt ríkisfang	91	59%		
Önnur ríkisföng	64	41%		

Í áfangaskýrslu fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2020 gerði geðheilsuteymið alvarlegar athugasemdir við starfsaðstöðu í fangelsum landsins, að frátöldu fangelsinu á Hólmsheiði. Aðstöðunni er lýst sem óviðunandi og að hún hamlaði umtalsvert framkvæmd þjónustunnar. Verst væri ástandið í fangelsinu á Litla-Hrauni en búnaður væri þar allur í ólestri, jafnt fyrir fanga sem og starfsfólk teymisins t.d. með tilliti til öryggis starfsfólks. Samkvæmt upplýsingum frá geðheilsuteyminu hefur teyminu verið úthlutað ný aðstaða á Litla-Hrauni. Fram hefur þó komið í samtölum ráðuneytisins við teymið að viðtalsaðstaða sé enn ekki nægilega trygg með viðeigandi öryggisbúnaði. Líkt og rakið er hér að framan hefur dómsmálaráðuneytið upplýst um að fyrirhuguð sé bygging nýs fangelsis á Litla-Hrauni. Heilbrigðisráðuneytið hefur lagt áherslu á við dómsmálaráðuneytið að haft verði samráð við önnur ráðuneyti og hagaðila um hönnun og byggingu nýs fangelsis. Þannig megi tryggja aðstöðu fyrir alla þá þjónustu sem nauðsynlegt er að veita innan fangelsisins.

Heilbrigðisráðuneytið hefur tryggt geðheilsuteyminu varanlegt fjármagn en árið 2023 fékk teymið 83,6 milljónir. Í kjölfar athugasemda sem fram komu í skýrslu umboðsmanns Alþingis hefur verið

unnið samkomulag við meðferðarsvið Fangelsismálastofnunar um viðveru teymisins þrjá virka daga í viku á Litla-Hrauni, þ.e. mánudag, miðvikudag og föstudag (fyrir hádegi). Sálfraeðingar Fangelsismálastofnunar eru með viðveru aðra virka daga á móti teyminu. Teymið skiptir sér milli fangelsa Litla-Hrauns og Hólmsheiðar í hverri viku. Teymið heimsækir Sogn einn dag í mánuði en býður föngum sem vistaðir eru þar jafnframt upp á fjarviðtöl. Þá fer teymið einnig á Kvíabryggju og er í vinnslu að skipuleggja reglulegar heimsóknir þangað en föngum sem vistaðir eru þar er einnig boðið upp á á fjarviðtöl. Þá er teymið í góðu samstarfi við Vernd og hefur sinnt reglulegum heimsóknir þangað að undanförmu. Ljóst er því að sá hópur sem teymið sinnir er mjög stór og dreifður í öllum fangelsum landsins. Samkvæmt upplýsingum frá teymisstjóra geðheilsuteymis fangelsa fylgist teymið nú líka með því þegar fangar færast úr opnu fangelsi eða af Vernd í lokað fangelsi. Slík breyting gæti gefið tilefni til þess að fagaðili geðheilsuteymis fangelsa hitti viðkomandi sem allra fyrst, m.a. til að meta geðhag og stuðningsþarfir fangans.

Heilbrigðisráðuneytið boðaði til vinnustofu hinn 14. júní sl. þar sem markmiðið var að kortleggja hverjar þarfir fanga séu fyrir geðheilbrigðisþjónustu meðan þeir afplána fangelsisdóm og hvernig þeim þörfum verði betur mætt. Á vinnustofunni voru fulltrúar frá dómsmálaráðuneyti, Fangelsismálastofnun, Landspítala, geðheilsuteymi fangelsa og Afstöðu. Á vinnustofunni kom fram að geðheilsuteymið í núverandi mynd næði ekki að anna þeim stóra hópi sem afplánar í fangelsum landsins. Þjónustubarfir fanga séu gríðarlega flóknar og oftast en ekki þyrfti meiri sérhæfingu til að þjónusta þennan hóp en geðheilsuteymið getur boðið upp á. Teymið væri lítið og án beins aðgangs að sérhæfingu og möguleika á bakvöktum. Ekki væru bein tengsl þess við geðgjörgæslu og öryggisgeðdeild en ljóst væri að þeir fangar sem væru með erfiðustu og flóknustu þörfina fyrir geðheilbrigðisþjónustu þyrftu allajafna þjónustu í göngudeildarteymum Landspítala. Fram kom að í samanburðarlöndum í kringum Ísland væri 2. og 3. stigs geðheilbrigðisþjónusta samþætt fyrir sjúklingahópa sem þurfa flókna og sérhæfða þjónustu. Heilbrigðisráðuneytið hefur því haft til skoðunar hvort breyta þurfi skipulagi á geðheilbrigðisþjónustu við fanga og þá jafnvel hvort rétt sé að geðheilsuteymi fangelsa skuli starfrækt af Landspítala fremur en Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ráðuneytið vinnur nú að greiningu á því í samvinnu við hagaðila og er ætlunin m.a. á vinnustofum í september nk. að halda áfram að greina kosti og galla við þá tilhögun og þá jafnframt að meta hvernig þjónustunni skuli háttáð við þá fanga sem þurfa á 1. stigs geðheilbrigðisþjónustu að halda.

c. Tryggja þarf greitt aðgengi fanga að heilbrigðisþjónustu vegna óvæntra verkja eða veikinda sem krefjast meðhöndlunar. Tryggja læknisskoðun við upphaf afplánunar. Tryggja þjónustu sérgreinalækna.

Árið 2019 gerðu Sjúkratryggingar Íslands samning við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um þjónustu við fangelsið á Hólmsheiði. Hólmsheiði er svokallað móttökufangelsi og því fara flestir fangar sem síðar eru vistaðir á Litla-Hrauni þar í gegn í upphafi afplánunar. Samkvæmt samningnum skulu lækna og hjúkrunarfræðingar veita heilbrigðisþjónustu alla virka daga, m.a. með reglulegri móttöku til að sinna almennri heilsugæsluþjónustu. Læknir skal vera með fasta viðveru í fangelsinu tvisvar í viku að jafnaði og hjúkrunarfræðingur þrjá til fjóra daga í viku. Samkvæmt samningnum skulu fangar njóta sambærilegrar heilsugæsluþjónustu og almennt gerist, eftir því sem aðstæður í fangelsi leyfa. Á dagvinnutíma skal veitt símaþjónusta sambærileg við almenna símaþjónustu heilsugæslustöðva en þess utan skulu fangar fá almenna heilbrigðisþjónustu sem í boði er á viðkomandi þjónustusvæði. Fangar skulu njóta þjónustu Læknavaktar eða bráðamóttöku Landspítala eftir því sem á þarf að halda og greiðir heilsugæslan kostnaðarhlut viðkomandi sjúklings skv. samningnum. Öllum föngum býðst heilbrigðisþjónusta sem meðal annars felur í sér skoðun og mat á heilsufari fanga við komu í fangelsið, skimun,

rannsóknir og meðferð sjúkdóma. Heilsugæsluþjónustan kemur að meðferð geðvanda og vímuefnavanda m.a. niðurtröppun og viðhaldsmeðferð sem er í samráði við geðheilsuteymi fangelsa. Einnig kemur heilsugæslan að skimun fanga í samræmi við leiðbeiningar sóttvarnalæknis. Önnur nauðsynleg sérhæfðari heilbrigðisþjónusta er einnig í boði samkvæmt tilvísun lækna þ.e. læknisfræðileg sérfræðiþjónusta og sjúkráþjálfun. Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) hefur sinnt almennri heilbrigðisþjónustu á Litla- Hrauni og á Sogni og fer hún fram með eftirfarandi hætti:

Tveir hjúkrunarfræðinga skipta með sér viðveru á Litla- Hrauni á virkum dögum. Læknar eru með skipulagða móttöku á Litla-Hrauni alla þriðjudaga og svo annan hvern fimmtudag. Þrjú læknar frá heilsugæslunni á Selfossi hafa sinnt Litla-Hrauni til skiptis, svo sá fjórði sinnir Sogni einu sinni í viku. Fyrir utan þessa föstu móttökudaga sinna læknar og hjúkrunarfræðingar meðferð og öðru sem til fellur í samráði við Litla-Hraun í gegnum síma eða tölvupóst. Bráðamóttaka Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sinnir bráðamálum en þó ekki geðheilbrigðisþjónustu fanga utan dagvinnutíma.

Á fyrrgreindri vinnustofu ráðuneytisins hinn 14. júní sl. kom fram mikilvægi aukinnar viðveru heilbrigðisstarfsfólks í fangelsum auk skipulagðra bakvakta. Þannig væri hægt að tryggja betri heilbrigðisþjónustu við fanga sem feli m.a. í sér betra mat og eftirlit með fráhrarfsmeðferð tengt vímuefnavanda, stuðning og öryggimeðferð fanga sem eru í sjálfsvígshættu. Ráðuneytið hefur falið Sjúkratryggingum Íslands að rýna samninginn við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um heilbrigðisþjónustu við fangelsið að Hólmsheiði frá árinu 2019 og kanna hvort sú þjónusta sem veitt er sé í samræmi við hann og hvort mögulegt sé að gera breytingar á samningnum til að bæta þjónustuna enn frekar. Þá hefur Sjúkratryggingum Íslands einnig verið falið að hefja undirbúning við gerð sambærilegs samnings við Heilbrigðisstofnun Suðurlands um heilbrigðisþjónustu við Litla-Hraun.

d. Tryggja nauðsynlega tannlæknaþjónustu.

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun sér stofnunin um að greiða fyrir tannlæknaþjónustu fanga en kostnaðurinn er síðan innheimtur af fanganum sjálfum ef hann er í vinnu innan fangelsisins. Þjónustan sem Fangelsismálastofnun greiðir felur einungis í sér nauðsynlega tannlæknaþjónustu t.d. vegna viðgerða á skemmdum í tönnum en ekki almennu eftirliti. Fangelsismálastofnun gerir ráð fyrir sex milljónum króna í tannlæknaþjónustu árlega fyrir fanga og er með lista yfir ákveðna tannlækna sem sinna föngum. Ráðuneyti heilbrigðis og dómsmála hafa átt samtöl við Fangelsismálastofnun um mögulegar útfærslur á þjónustunni og jafnvel hvort mögulegt væri að færa þjónustuna inn í fangelsin ef aðstæður bjóða upp á það. Þannig mætti bæta tannlæknaþjónustu við þennan hóp og gera hana aðgengilegri. Nýtt húsnæði fangelsisins á Litla-Hrauni gæti boðið upp á þann möguleika. Mun heilbrigðisráðuneytið leggja áherslu á að vinna áfram að þessu verkefni í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og Fangelsismálastofnun.

e. Tryggja betur lyfjagjöf, þarf að vera í höndum viðeigandi fagaðila.

Á Litla Hrauni eru öll lyf tekin til í apóteki einu sinni í viku samkvæmt fyrirmælum lækna og koma í lyfjaboxum sem eru merkt hverjum og einum fanga. Sérstakir flutningsmenn á vegum fangelsanna flytja lyfin á milli. Öll lyfjafyrirmæli eru gerð í sjúkraskrá og búið er að setja lyf flestra ef ekki allra í miðlægt lyfjakort. Aðstoðarvarðstjórar í hverju húsi bera ábyrgð á og gefa lyfin á ákveðnum lyfjatímum. Aðstoðarvarðstjórar eru í góðu samstarfi við hjúkrunarfræðinga fangelsa og leita til þeirra til að fá upplýsingar ef þörf er á. Fangaverðir fá ekki sérstaka fræðslu frá fangelsisyfirvöldum um lyfjamál, en hjúkrunarfræðingar styðja og fræða þá eftir bestu getu. Hjúkrunarfræðingar fylgjast

með lyfjabreytingum bæði frá læknum sem fangarnir hafa verið í eftirliti hjá. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun hefur regluleg viðvera hjúkrunarfræðinga á Hólmsheiði hefur gefist vel, ekki síst hvað varðar lyfjagjafir og mat á áhrifum þeirra.

Fræðsla og þjálfun fangavarða er á ábyrgð dómsmálaráðuneytis. Fram kom á vinnustofunni að samstarf væri æskilegt við heilbrigðisyfirvöld um að tryggja fangavörðum sem sjá um afhendingu lyfja viðeigandi fræðslu um lyfjamál þannig að þeir öðlist meiri kunnáttu um lyf. Varðandi flóknari lyfjagjafir er mikilvægt að tryggja að fagaðili, til dæmis hjúkrunarfræðingur með hæfni og þekkingu í geðhjúkrun, sé á bakvöktum og geti metið þörf fyrir aukalyfjagjafir o.fl. Mun heilbrigðisráðuneytið leggja áherslu á að vinna áfram að þessu verkefni í samvinnu við hagaðila á vinnustofum í september en jafnframt með því að tryggja að samningur verði gerður við Heilbrigðisstofnun Suðurlands um heilbrigðisþjónustu við fangelsið að Litla-Hrauni. Með samningnum yrði þá leitast við að auka viðveru heilbrigðisstarfsfólks í fangelsinu, líkt og rakið er í lið c hér að framan sem myndi styðja betur við framkvæmd lyfjagjafa og afhendingu lyfja í fangelsinu.

f. Þeim tilmælum beint til heilbrigðisráðherra að tryggja, í samvinnu við dómsmálaráðherra, að fangar fái sambærilegt aðgengi að almennri geðheilbrigðisþjónustu og aðrir borgarar. Er þá einkum haft í huga að vistun þeirra í fangelsi skerði ekki möguleika þeirra á innlögn á geðdeildir, sé talin þörf á.

Líkt og rakið er hér að framan hafa Landspítali og geðheilsuteymi fangelsa unnið í sameiningu að mótun verklags fyrir innlagnir fanga á geðdeild og samkvæmt upplýsingum frá teymisstjóra geðheilsuteymisins hefur hnökrum fækkað verulega eftir að verklagið var innleitt. Að auki hefur Landspítali í samstarfi við Fangelsismálastofnun þróað verklag og samið um kostnaðarskiptingu varðandi yfirsetu í kringum fanga sem þurfa innlögn á geðdeild og eru metnir hættulegir.

Starfshópi sérfræðinga frá dómsmála-, heilbrigðis-, félags- og vinnumarkaðs- og mennta- og barnamálaráðuneytum og fulltrúa Framkvæmdasýslu ríkisins var í ágúst 2023 falið að vinna mat á fýsileika þess að byggja upp úrræði fyrir ólíka hópa frelsissviptra einstaklinga. Er einkum horft til einstaklinga sem metnir hafa verið ósakhæfir og eru í þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnun, gert að sæta öryggisgæslu í úrræðum á vegum sveitarfélaga eða fanga sem þurfa á mjög sérhæfðri þjónustu að halda sem erfitt hefur reynst að tryggja á meðan þeir sæta afplánun. Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum en honum var falið að vinna tillögur sem snúa að eftirtöldu:

- Vinna fyrstu drög að skilgreiningu á mismunandi öryggistigum
- Greina nánar fjölda einstaklinga í hverri einingu/álmú
- Vinna fyrstu drög að því hvernig æskilegt væri að samþætta geðheilbrigðisþjónustu fyrir tiltekinn markhóp einingar/álmú ef þörf krefur
- Þarfagreining húsnæðis með Framkvæmdasýslunni
- Breyta öryggisþjónustufurvarpi félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Líkt og að framan greinir boðaði heilbrigðisráðuneytið til vinnustofu þar sem markmiðið var að kortleggja hverjar þarfir fanga séu fyrir geðheilbrigðisþjónustu meðan þeir afplána fangelsisdóm og hvernig þeim þörfum verði betur mætt í samstarfi við dómsmálaráðuneyti, Fangelsismálastofnun, Landspítala, geðheilsuteymi fangelsa innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Afstöðu. Á vinnustofunni var m.a. farið yfir kosti, ókosti og ávinning við núverandi staðsetningu geðheilsuteymis fangelsa innan heilbrigðiskerfisins og kosti, ókosti og ávinning við tilfærslu þjónustunnar yfir á 3. stig geðheilbrigðisþjónustu. Niðurstöður úr vinnustofu leiddu í ljós að fangar í fangelsum landsins hafa mismunandi aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Sálfræðingar á vegum Fangelsismálastofnunar hafa eftirlit með föngum sem sæta einangrun í samstarfi við


geðheilsuteymi fangelsa. Hjúkrunarfræðingar á vegum heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sinna einnig reglulegu eftirliti með föngunum. Fangar sem eru í lausagæslu/afplánun á almennri deild geta óskað eftir geðheilbrigðisþjónustu ef þeir telja sig hafa þörf á henni. Þjónustan getur verið í formi viðtala með möguleika á áframhaldandi meðferð. Ef fangi hefur sögu um geðrænan vanda hefur geðheilsuteymi fangelsa oft frumkvæði að því tala við fangann. Margir mismunandi aðilar koma að veitingu geðheilbrigðisþjónustu fanga á mismunandi stigum. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins bera ábyrgð á lyfjagjöfum í fangelsinu á Hólmsheiði og niðurtröppun lyfja (1. stigs geðheilbrigðisþjónusta). Geðheilsuteymi fangelsa veitir föngum stuðningsviðtöl, geðlyfjameðferð, viðtalsmeðferð, ADHD greiningar, mat fyrir þörf á innlögn og þverfaglega meðferð (2. stigs geðheilbrigðisþjónusta). Landspítali veitir föngum 3. stigs geðheilbrigðisþjónustu við alvarlegum og bráðum geðvanda í samstarfi við geðheilsuteymi fangelsa og Fangelsismálastofnun.

Niðurstöður vinnustofunnar nýtast til að taka upplýsta ákvörðun um hvort tilefni sé til að færa teymið yfir á annað þjónustustig og tengja við sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu t.d. réttar- og öryggisgeðþjónustu Landspítala. Þá verða hlutverk Landspítala, geðheilsuteymis fangelsa og Fangelsismálastofnunar rýnd frekar á vinnustofum í september nk. m.t.t. geðheilbrigðisþjónustu og veitingu hennar til þeirra sem sitja af sér dóm eða eru í gæsluvarðhaldi. Líkt og að framan greinir er mun heilbrigðisráðuneytið boða til áframhaldandi vinnustofa í september þar sem áætlað er að boða, auk þeirra sem sátu fyrri vinnustofunnar tvær, fulltrúa frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og embætti landlæknis. Standa vonir til þess að þegar niðurstöður liggja fyrir úr þeim vinnustofum verði hægt að taka ákvörðun um breytingar á núverandi fyrirkomulagi og móta tillögur að þróun í geðheilbrigðisþjónustu við fanga á Litla-Hrauni sem og öðrum fangelsum landsins.

F.h. ráðherra


Helga Sif Friðjónsdóttir

staðgengill skrifstofustjóra


Anna Birgit Ómarsdóttir

lögfræðingur

